

1. fundur 2011 26. janúar.

Aðalmenn mættu utan Sigurðar Hreinssonar, vegna vanhæfis við fyrsta mál. Svanur Guðmundsson mætti í hans stað.

1. Umsögn v/tillögu að endurnýjun á starfsleyfi fyrir Félagsbúið Miðhrauni 2, fiskvinnslu. Eftirfarandi ályktun var bókud.

"Fiskvinnsla/þurrkun á Miðhrauni 2 er vinnustaður sem munar um í sveitinni og hefur reksturinn vaxið gríðarlega að umfangi frá upphafi.

Sérstaða fyrirtækisins í sínum flokki er staðsetning vinnslunnar, þ.e. hversu langt frá sjó hún er í miðju landbúnaðarhéraði, þar sem stunduð er hefðbundin matvælaframleiðsla ásamt ferðaþjónustu.

Fyrirtækið er ofarlega í vatnakerfi nokkurra áa m.a. einnar af betri laxveiðiám landsins.

Það er því mikilsvert fyrir rekstraraðila, mannlífið og náttúruna að starfsemi séu settar eðlilegar skorður sem skapa sem mestan frið um fyrirtækið.

Ásamt hráefni til vinnslunnar er flutt á staðinn gríðarlegt magn af fiskúrgangi. Þessum úrgangi ásamt þeim sem fellur til við vinnsluna hafa fylgt ýmis vandamál.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps leggur áherslu á að allri mengun frá vinnslunni verði haldið í lágmarki og bendir í því sambandi á þrennt.

1. Bönnuð verði með öllu dreifing fiskúrgangs á yfirborð lands.
2. Sérstakt eftirlit verði með því að ekki verði um mengun að ræða á vatnakerfi svæðisins frá vinnslunni. Gengið verði eftir því að skilvirkt viðbragðskerfi sé til staðar ef óhöpp verða af því tagi.
3. Verði um mengunaróhapp að ræða sem ætla má að hafi haft skaðvænleg áhrif á lífríkið ber að rannsaka áhrif þess. Fiskvinnslan/þurrkunin greiðir kostnað sem af því hlýst."

Svanur vék af fundi og Sigurður mætti.

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Leiðrétting á fjárhagsáætlun 2011. Vanreiknaðar tekjur upp á 1.500.000 kr.

Áætlað rekstrartap því 4.273.200 kr.

3. Athugasemdir Skipulagsstofnunar við aðalskipulag lagðar fram til kynningar.

4. Bréf til Skipulagsstofnunar og svarbréf hennar lögð fram til kynningar.